

Stuðningur til reykleysis/tóbaksleysis Nýtt verklag

- Konan fær upplýsingar um áhrif reykinga á meðgöngu og kosti þess að hætta. Sýna myndbandið **“Nýtt líf án tóbaks”**. [Heilsuvera.is](https://www.heilsuvera.is)
- Ljós móðir tengir konuna við Ráðgjöf í reykbindindi
- Ráðgjöf í reykbindindi hefur samband við konuna
- Ráðgjöf í reykbindindi og ljós móðirin veita stuðning til reykleysis/tóbaksleysis á meðgöngu
- Ráðgjöf í reykbindindi sinnir eftirfylgd eftir fæðingu

Konan fær upplýsingar um áhrif reykinga á meðgöngu og kosti þess að hætta.

Hluti af verklaginu er að tryggja að allar konur fái upplýsingar um áhættuna sem fylgir því að reykja/nota tóbak á meðgöngu og mikilvægi þess að hætta.

Sýna myndbandið „Nýtt líf án tóbaks“ <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/tobak/tobak-og-medganga/>

Ljós móðirin tengir konuna við Ráðgjöf í reykbindindi.

Ljós móðirin gerir samning við konuna um stuðning frá Ráðgjöf í reykbindindi auk stuðnings í mæðraverndinni. Ráðgjöf í reykbindindi veitir vikulegan stuðning og hann er einstaklingsmiðaður.

Ljós móðirin sendir nafn konu og símanúmer með tölvupósti og fær leyfi konunnar til þess.

Netfang: 8006030@hsn.is.

Ráðgjöf í reykbindindi hefur samband við konuna eftir að ljós móðirin hefur sent tölvupóstinn.

Ráðgjöf í reykbindindi og ljós móðirin veita stuðning til reykleysis/tóbaksleysis á meðgöngu.

Ráðgjöf í reykbindindi og ljós móðirin vinna saman í þeim tilgangi að hvetja og styðja konuna til reykleysis. Með þessu er verið að þétta stuðninginn.

Ráðgjöf í reykbindindi sinnir eftirfylgd eftir fæðingu

Í samráði við konuna sinnir Ráðgjöf í reykbindindi eftirfylgd eftir að meðgöngu lýkur.